

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 217/2024

2024/EES/92/36

frá 23. september 2024

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1601 frá 30. maí 2024 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66zab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 1601:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1601 frá 30. maí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1601, 31.5.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90342, 10.6.2024.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1601, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90342, 10.6.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1601, 31.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1601/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.